

Menningar- íþrótt- og frístundanevnd Hveragerðis



Fundur haldinn í menningar-, íþrótt- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 30. ágúst 2016, kl. 17:00.

Mætt voru: Þórhallur Einisson, Alda Pálsdóttir, Jakob Fannar Hansen, Walter Fannar Kristjánsson og Fanný Björk Ástráðsdóttir.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Sumarnámskeið
2. Hátíðir sumarsins
3. Vetrarstarf íþróttamannvirkja
4. Framkvæmdir

1. Sumarnámskeið

Mikið framboð var á sumarnámskeiðum fyrir börn og voru þau flest vel sótt. Mikill fjöldi barna var á ævintýranámskeiðinu í júní en heldur færri þegar líða tók á sumarið.

2. Hátíðir sumarsins

Báðar hátíðir sumarsins, Blóm í bæ og bæjarhátíðin Blómstrandi dagar tókust vel og voru viðburðir vel sóttir. Báðar hátíðir voru umfangsmeiri en vanalega vegna 70 ára afmælis bæjarins og voru á milli 5 – 600 manns sem fengu sér tertusneið af því tilefni á lokadegi bæjarhátíðarinnar.

3. Vetrarstarf íþróttamannvirkja

Menningar og frístundafulltrúi kynnti vetrarstarfið í íþróttamannvirkjunum en búið er að raða niður tímum fyrir íþróttafélagið Hamar. Starf deildanna hefst 1. september.

4. Framkvæmdir

Kynning á framkvæmdaáætlun vetrarins í og við íþróttamannvirki bæjarins.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:05

Þórhallur Einisson, (sign) *Þórhallur Einisson*

Alda Pálsdóttir, (sign) *Alda Pálsdóttir*

Jakob Fannar Hansen, (sign) *Jakob F. Hansen*

Walter Fannar Kristjánsson, (sign) *Walter Fannar Kristjánsson*

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign) *Fanný Björk Ástráðsdóttir*

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)

Jóhanna Hjartardóttir